



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2020
2005034SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, 735 mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni frá fjárlaganefnd Alþingis dags. 12. maí sl. um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, 735. mál.

Með frumvarpinu er ráðherra veitt heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu með Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Tilgangur frumvarpsins er að uppfylla þær skuldbindingar sem fram komu í samgöngusáttmála ríkisins og fyrrgreindra sveitarfélaga sem undirritaður var í september 2019.

Markmið samgöngusáttmálans er að stuðla að bættum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra, hagkvæmra, öruggra og umhverfisvænna samgönguinnviða m.a. með því að takast á við aukna umferð á höfuðborgarsvæðinu og aðrar umferðartengdar tafir. Þá er sáttmálanum ætlað að tryggja skilvirka uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu og trausta umgjörð þeirra verkefna sem tilgreind eru í sáttmálanum, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir.

Samkvæmt frumvarpinu er því tilgangur félagsins að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningsamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og umrædd sveitarfélög.

Afstaða sambandsins

Eins og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að uppbygging á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu muni hafa jákvæð áhrif í loftslagsmálum og stuðla að því að markmiðum ríkis og sveitarfélaga um kolefnishlutleysi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði náð. Þar gegnir heildstæð uppbygging almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu lykilhlutverki en sambandið hefur lengi kallað eftir strekari aðkomu ríkisins

að uppbyggingu almenningssamganga bæði innan þéttbýlis og milli þéttbýlisstaða.

Þá er í samkomulagi fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitastjórnarráðherra annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2019-2023, á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sem staðfest var í stjórn sambandsins, að finna eftirfarandi ákvæði í c. lið 6. gr.:

„Viðræðum milli ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga um framtíðarfyrirkomulag almenningssamgangna (í lofti, á landi og á sjó) verði framhaldið, en samkvæmt stjórnarsáttmála þarf áfram að byggja upp almenningssamgöngur um land allt og stutt verður við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.“

Áherslur í stefnu sambandsins ríma vel við markmið frumvarpsins sem og markmið samgöngusáttmálans um bætt umferðaröryggi, aukna hlutdeild virkra samgöngumáta, þ.m.t. almenningssamgangna, og jákvæð áhrif í loftlagsmálum. Þá tekur sambandið undir ummæli í greinargerð um að mikilvægt sé, við núverandi efnahagshorfur, að ráðist verði í arðbær fjárfestingarverkefni hér á landi til að örva efnahagslíf og atvinnusköpun.

Að öllu framangreindu virtu mælir sambandið með því að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi en leggur áherslu á að fjárlaganefnd taki afstöðu til athugasemda er berast frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og landshlutasamtökum þeirra.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri